

**Nd.**

**192. Nefndarálit**

**[63. mál]**

um frv. til l. um sildarleit.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum sínum og auk þess leitað umsagnar þeirra aðila, sem bera eiga aðalkostnaðinn við rekstur sildarleitarinnar. Stjórn sildarverksmiðja ríkisins mælir með samþykkt frv. og sömuleiðis sildarútvegsnefnd með nokkrum breytingum. Þá hefur formaður stjórnar fiskimálasjóðs upplýst, að frv. hafi verið rætt á fundi stjórnarinnar og hún lýst sig samþykka því í aðalatriðum. Leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Halda skal uppi sildarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumar- mánuðina, eftir því sem nánar verður ákveðið af sildarleitarnefnd og sildarleitarstjóra.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn sildarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar sildarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu sildarútvegsnefndar og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs. Ráðherra skipar formann. Nefndin ber nafnið sildarleitarnefnd og skal vera ólaunuð.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Sildarleitarnefnd ræður sildarleitarstjóra og setur honum erindisbréf. Sildarleitarstjóri ræður starfsmenn sildarleitarinnar og flugvélar og skal að öðru leyti hafa með höndum daglega stjórn sildarleitarinnar í samráði við sildarleitarnefnd. Hann skal dveljast á Siglufirði eða Raufarhöfn um sildarleitar-tímann. Má hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu, sem sildarleitinn stendur yfir.
4. Við 4. gr. Aftan við orðin „frá Horni að Djúpavogi“ bætist: sbr. 1. gr.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo:  
Frv. til laga um sildarleit úr lofti.

Alþingi, 20. nóv. 1953.

Sigurður Ágústsson,  
form., frsm.

Gísli Guðmundsson,  
fundaskr.

Emil Jónsson.

Eiríkur Þorsteinsson.

Pétur Ottesen.